

Hans Christian Andersen



H. C. Andersen

Samantekt:

Björg Vigfúsína Kjartansdóttir



Það var álfadís sem fylgdist
með ungum viðkvæmum
dreng sem fæddist
2. apríl 1805 í borginni Óðinsvé í
Danmörku.




Mynd af heimilinu

Pabbi hans var skósmiður.
Fjölskyldan var frekar fátæk
eins og var algengt á þessum
árum. Þau áttu heima í húsi sem
var eitt herbergi.

Í þessu herbergi var rúmið
þeirra sem var eins og lokrekkja
með rósóttum gardínum. Þarna
inni var líka eldhús og dragkista
þar sem þau geymdu ýmislegt
dót ofan á. Nokkrar myndir voru
á veggjunum og hvítar gardínur
fyrir gluggunum. Á
útidyrhurðina var búið að mála
landslagsmynd. Þessa mynd
fannst drengnum gaman að
horfa á.

Í herberginu var líka
skóvinnustofa pabba hans.




Hægt var að fara upp á loft og þaðan út á þak en þar var smákassi með mold í. Mamma stráksins ræktaði lauk og steinselju í moldarkassanum.



Strákurinn sem álfadísinn fylgdi eftir hét Hans Christian Andersen og var einkabarn. Hann var ljóshærður, hávaxinn og renglulegur strákur. Þegar hann var lítill gekk hann mest í tréklossum.



Álfadísinn sá að hann lék sér oftast einn með leikföngin sem pabbi hans smíðaði handa honum. H.C. Andersen fannst skemmtilegast að leika sér með brúður sem hann saumaði föt á. Síðan lék hann heilu leikritin í brúðuleikhúsinu sínu.




Amma hans hjálpaði stundum til við að passa hann. Afi hans sem var geðveikur smíðaði leikföng sem voru ýmis furðudýr. Afinn seldi síðan dýrin til að fá peninga fyrir mat.



Álfadísinn vissi að H.C.
Andersen var mjög
viðkvæmur og hjátrúarfullur
strákur.

Hann gekk í skóla með öðrum
strákum til að læra að lesa og
skrifa. Þar voru börnin flengd
með stórum vendi ef þau voru
óþekk. Mamma hans talaði við
kennarann áður en hann fór í
skólann og sagði honum að það
mætti ekki flengja hann.

Einn daginn sá álfadísinn
að kennarinn flengdi H.C.
Andersen með vendinum. Þá
stóð hann upp og fór heim
til mömmu sinnar sem lét
hann aldrei fara aftur í þennan
skóla.




H.C. Andersen var nú settur í anna skóla en í honum var ein stelpa. Þau urðu mjög góðir vinir. H.C. Andersen líkaði mjög vel við stelpuna og fór að gorta við hana. Hann hafði teiknað mynd af höll sem hann sagði að hann ætti heima í og það kæmu stundum englar að tala við hann.

Hann ætlaði sér að ganga í augun á henni en það misheppnaðist algjörlega.



Stelpunni fannst hann vera vitlaus og sagði við hann að hann væri jafn skrýttinn og afi hans.

Þetta tók H.C. Andersen mjög nærri sér og voru þau nú ekki jafngóðir vinir og áður.



Þegar H.C. Andersen var ellefu ára kom erfiður tími í lífi hans. Pabbi hans varð berklaveikur og dó. H.C. Andersen varð mjög einmanna og átti álfadísinn erfitt með að horfa upp á það.

Mamma hans þurfti að fara á milli húsa og þvo þvott fyrir fólk til að fá peninga fyrir mat.


Á meðan var hann einn heima og lék sér með litla brúðuleikhúsið sitt. Alltaf hélt álfadísinn áfram að fylgjast með H.C. Andersen.

Hann kynntist nú tveimur heldri konum sem bjuggu í Óðinsvé eins og hann. Hann heimsótti þær stundum og heyrði þær tala af virðingu um skáld. Eins og það væri mikil hamingja fólgin í því að vera skáld. H.C. Andersen fékk tækifæri til að lesa ljóð og sögur hjá þessum konum. Hann kynntist nú verkum eftir skáldið Shakespear sem samdi leikrit t.d. um nornir og drauga. H.C. Andersen fannst þetta svo spennandi að augun í honum tindruðu og hann fór að leika leikrit eftir Shakespear.



Mynd af Shakespear

Álfadísinn sá að H.C. Andersen var kominn í spennandi heim. Hann samdi leikrit sem hann sýndi í brúðuleikhúsinu. Í einu leikritinu hans dóu allir. Síðan bjó hann til leikrit um kóng og kóngsdóttur og velti mikið fyrir sér hvernig kóngafólk talaði og hagaði sér.



En þótt H.C. Andersen ætti erfitt og væri mjög viðkvæmur vissi hann alltaf að hann ætti eftir að verða frægur þess vegna var hann oft góður með sig. Hann þótti alltaf vera einkennilegur og vakti gjarnan athygli fólks. En H.C. Andersen




trúði á Guð og bað hann
oft um að hjálpa sér og
vera með sér.

Svo kom að því að
mamma hans vildi að hann færi
að vinna en væri ekki bara að
slæpast og leika sér endalaust
með brúðuleikhúsið.

Pegar H.C. Andersen fór í
fyrsta sinn í vinnuna bara barn
að aldri, fylgdi amma hans
honum. Hún var döpur yfir að
hann væri settur í vinnu.

Í þessarri vinnu voru fleiri strákar. Þeir sungu stundum og voru kátir. H.C. Andersen fannst gaman syngja og vissi að fólki fannst gaman að hlusta á hann syngja.

En einn daginn sagði einn strákurinn: „Þú syngur og skrækir eins og stelpa, þú ert örugglega stelpa“. Síðan tóku strákarnir hann og héldu honum föstum. Þetta tók H.C. Andersen mjög nærri sér og varð mjög sár og reiður. Þegar hann losnaði hljóp hann heim til mómmu sinnar og fór aldrei aftur í þessa vinnu.



Mamma hans vildi ekki að hann væri bara að slæpast og ákvað að setja hann í fátækraskólann. Þar var krökkunum kennt að lesa, skrifa, reikna og kristinfræði.

H.C. Andersen var ekki góður í stærðfræði, en honum fannst ákaflega gaman í kristinfræðitímum. Kennarinn sagði sögurnar um Jesú svo skemmtilega að hann varð alveg bergruminn og sá fyrir sér heilu myndirnar. Hann lifði sig svo vel inn í sögurnar að kennarinn hélt að hann væri ekki að fylgjast með og skammaði hann.

Kennarinn skammaði hann líka fyrir að vera að segja furðusögur, þar sem hann var sjálfur aðalpersónan.

Álfadísín var svo leið að sjá hvað H.C. Andersen var alltaf misskilinn. Hún grét stundum yfir því hvað hlutirnir voru erfiðir fyrir hann.



H.C. Andersen varð oft fyrir barðinu á götustrákunum. Hann tók það alltaf mjög nærri sér og bað Guð um að hjálpa sér.

Þegar H.C. Andersen var fjórtán ára var hann fermdur.

Sparifötin sem pabbi hans hafði átt voru nú löguð til af saumakonu. Hann fékk líka ný

stígvél sem hann var svo ánægður með. Honum fannst hann vera svo flottur í þeim. Þetta voru fyrstu stígvélin sem hann eignaðist.



Þegar H.C. Andersen fermdist ákvað hann að hafa buxurnar ofan í stígvélunum svo þau sæjust almennilega. Hann var svo ánægður með sig og hlustaði á marrið í þeim þegar hann gekk inn kirkjuna. En eitt augnablik skammaðist hann sín fyrir að vera bara að hugsa um stígvélin en ekki um Guð og bað því Guð að fyrirgefa sér. En um leið og hann var búinn að því fór hann aftur að hugsa um stígvélin.

Eftir ferminguna fannst mömmu hans kominn tími til að hann lærði einhverja iðn. Hún vildi að hann yrði klæðskeri svo hann myndi eiga salt í grautinn þegar hann yrði eldri.



En strákinn langaði það alls ekki hann vildi komast til Kaupmannahafnar, höfðuborgar Danmerkur.

Hann grét fögrum tárur fyrir
mömmu sína til að komast til
höfuðborgarinnar. Hann ætlaði
nefnilega að verða frægur.
Hann vissi alltaf að hann myndi
verða frægur en ekki hvað
myndi gera hann frægan.
Mamma hans varð mjög kvíðin en
samþykkti að hann færi til
Kaupmannahafnar.



Hún fór fyrst með
hann til spákonu
sem spáði því að hann
yrði einhvern tíma frægur
maður og að borgin þeirra
myndi einhvern tíma verða
skreitt ljósum til að heiðra
hann.

H.C. Andersen hafði
safnað saman öllum þeim
peningum sem honum
hafðu áskotnast í
gegnum tíðina. Þetta voru
samtals 13 ríkisdalir. Mamma
hans setti þau örfáu föt sem
hann átti í pakka og fylgdi
honum að póstvagninum sem fór
með hann til borgarinnar. Þegar
þau kvöddust voru þau bæði
mjög hrygg. Því þau vissu ekki
hvort þau ættu eftir að hittast
aftur.





H.C. Andersen var ánægður á ferðalaginu og kynntist þar góðu fólki. Hann naut þess að horfa í kringum sig og sjá heiminn. Hann varð samt virkilega einmann og bað Guð um að vera með sér.


Mánudaginn 6. september 1819 kom H.C. Andersen loksins til Kaupmannahafnar eftir langt ferðalag með póstvagninum.



Hann þurfti að finna sér
gististað. Álfadísinn fylgdist
með honum af athygli.

H.C. Andersen hafði mikinn
áhuga á leikhúsinu og fór að
leita að því. Þegar hann fann það
fannst honum leikhúsið vera sitt
hús. Hann var alltaf að sniglast
fyrir utan það. Einn dag rétti
miðasaliinn honum miða. Hann
varð svo glaður og ætlaði inn í
leikhúsið en þá sagði miðasaliinn
honum að borga og skammaði

hann fyrir að ætla ekki að borga fyrir miðann. Þá hljóp hann hræddur í burtu því hann hélt að miðasalinn hefði ætlað að gefa sér miðann.



Einn dag safnaði H.C. Andersen í sig kjark og fór og talaði við leikhússtjórann og bað hann um vinnu. Hann vildi verða leikari. En leikshússtjórinn sagði að hann væri alltof ungur og horaður og gæti ekki fengið vinnu.

Álfadísinn fylgdist nú með
dapurlegu tímabili hjá H.C.
Andersen. Hann var hræddur og
einmanna. Margir voru honum
reiðir því hann var svo frakkur
og hafði svo mikið álit á sjálfum
sér. Hann virkaði sjálfumglaður
á fólkið og því líkaði það illa.
Svo kom tímabil sem hann var
svo einmanna að hann langaði
bara til að deyja. Það skyldi
hann enginn. Þetta voru afar
erfiðir tímar.
Þá fór hann að hugsa um hvað
hann ætti að gera og bað til
Guðs. Þá mundi hann eftir því að
þeir sem eitthvað yrði úr gengju
margir fyrst í gengum mikla
erfiðleika. Þessu trúði hann

statt og stöðugt og hresstist
ögn við.

Til að láta sér líða betur ákvað
hann að kaupa sér miða á
söngleik. Þetta var
alvöruþrungið verk. Persónurnar
í verkinu þurftu að kveðjast í
síðasta sinn. Það tók H.C.

Andersen svo nærri sér að hann
grét hástöfum og var nánast
óhuggandi. Tvær gamlar konur
sem sátu við hliðina á honum og
reyndu að hugga hann
og gáfu honum að
borða.



H.C. Andersen átti nú mjög lítið
af peningum eftir. Þeir voru allir
farnir í mat og að borga
gistiheimilið sem hann bjó á.

Svo kom að því að hann varð að fara af gistiheimilinu því hann átti enga peninga eftir.

Hvað átti hann nú til bragðs að taka? Allir peningar búnir, hann átti ekki mat og hafði engan stað til að sofa á.

Hann hafði bara val um tvennt. Það var að koma sér aftur heim til mömmu sinnar eða að reyna að læra eitthvað. Hann gat ekki hugsað sér að fara aftur heim. Þannig að hann varð að fara og læra einhverja iðn.



Á leiðinni til Kaupmannahafnar kynntist H.C. Andersen gamalli konu hún átti heima í höfuðborginni. Hann ákvað að leita til hennar. Hann fékk að gista hjá henni og hún kom honum í nám hjá smiði. Hann átti að búa hjá smiðnum.



Þegar hann mætti fyrsta daginn hjá smiðnum voru mættir nokkrir strákar sem voru líka að læra að verða smiðir.

Smíðkennarinn var ekki kominn. Strákarnir töluðu dónalega og höfðu hátt. H.C. Andersen leist ekki á blikuna, varð hræddur og grét. Hann mundi svo vel eftir síðustu vinnu þegar strákarnir

héldu honum og gerðu gys að honum að hann ákvað að hætta við og flýtti sér í burtu svo hann myndi ekki verða aftur fyrir stríðni.



Hvað átti hann nú að taka til bragðs? Einmannaleikinn helltist enn einu sinni yfir hann og álfadísinni þótti slæmt að geta ekkert gert til að hjálpa honum. En hún var ekki orðin nógu gömul til að hafa töframátt til að hjálpa fólki.

Hann stóð úti á götu og var áttavilltur, hvað átti hann að gera? Hann bað til Guðs og róaðist. Þá fór hann að hugsa og mundi eftir að hafa lesið um

Ítala sem var söngvari og var skólastjóri í Konunglega tónlistar skólanum. Hann ákvað að fara til hans strax um kvöldið og biðja hann um að kenna sér að syngja. Hann var alveg viss um að hann myndi verða góður söngvari.



H.C. Andersen hafði heppnina með sér þetta kvöld því það var veisla hjá karlinum.

Þjónustustúlka kom til dyra þegar hann bankaði. Hann sagði henni sögu sína og bað um að fá að hitta Ítalann Síboni.

Hún fór inn og sagði Síboni söguna hans. Allir í veislunni komu til dyra til að sjá aumingja drenginn sem átti svona bágt.

Síboni bauð honum inn. H.C.
Andersen þurfti nú að syngja
fyrir Síbon og veislugesti sem
var heldra fólk.

Hann söng, fór með ljóð og hluta
úr leikriti. Þá bugaðist hann og
grét. Síbon lofaði að hann myndi
kenna honum að syngja og sagði
honum að koma til sín daginn
eftir.

Fólkið klappaði fyrir H.C.
Andersen. Sumum fannst hann
hafa sungið vel og sögðu að það
yrði einhvern tíma maður úr
honum.

Þjónustustúlkan fylgdi honum til
dyra og sagði honum að fara
strax daginn eftir og tala við
prófessor Ways sem var gestur

í veislunni, af því að hann væri
góður maður.

Ways sem hafði sjálfur einu
sinni verið fátækur notaði
tækifærið í veislunni og safnaði
peningum handa H.C. Andersen.
Það söfnuðust 70 ríkisdalir
handa H.C. Andersen.

Prófessorinn geymdi peningana
og lét hann hafa tíu ríkisdali
mánaðarlega fyrir fæði og
húsnæði.

H.C. Andersen leigði gluggalausa
kompu hjá konu sem honum
fannst vera góð en hann
uppgötvaði síðar að það var hún
ekki. Þegar konan vissi að hann
fengi senda peninga reglulega
lét hún hann borga allt sem hann

hafði í húsaleigu og þá átti hann ekkert eftir fyrir mat.

H.C. Andersen fór í mútur, því hætti Síbon að kenna honum söng og sagði honum að koma aftur þegar mútutímabilinu væri lokið.




En alltaf birtir til um síðir. H.C. Andersen var svo heppinn að hann kynntist manni sem sá um bókasafnið.

Stundum fékk hann að taka bækur með sér heim ef hann lofaði að ganga frá þeim á sama stað aftur.

Bókavörðurinn reyndi að hjálpa H.C. Andersen og kom honum til leikara sem ætlaði að kenna honum. Leikarinn sagði að H.C. Andersen yrði aldrei góður leikari því hann væri of tilfinningaríkur.

Næst var H.C. Andersen komið að hjá ballettdansara. Danskennslan fór fram í leikhúsinu og það var hann ánægður með. En danskennarinn sagði að hann yrði aldrei dansari.



H.C. Andersen var samt ánægður, hann átti loksins að fá tækifæri til að fara á svið.

Það átti að fylgja honum inn á sviðið en leikarinn sem kom sagði háðslega: „ Má ég kynna þig fyrir dönsku þjóðinni“ ?




Leikarinn ætlaði að gera grín að honum. Hann fann þetta á sér og reif sig lausan og þaut með tárin í augunum út af sviðinu.

Enn eitt skipbrotið fyrir H.C. Andersen.

Álfadísinn gat loksins glaðst með H.C. Andersen þegar hann fékk tækifæri til að láta draum sinn um að leika í leikhúsinu rætast. Hann lék púka í ballett sem hét Armida.

H.C. Andersen var svo glaður og stoltur. Ekki spillti fyrir að nafnið hans var skrifað í leikskránnu.

En gleðin entist ekki lengi. Það var erfitt að fá vinnu og enga peninga að hafa. H.C. Andersen samdi leikrit sem hét Álfsól og reyndi að selja það í leikhúsið en því var hafnað af leikhússtjórninni.



H.C. Andersen hitti mikið af fólki sem stöðugt minnti hann á að hann þyrfti að mennta sig. Honum var bent á að tala við mann sem hét Jonas Colins sem var í leikhússtjórninni.

H.C. Andersen fór til hans og var hálf smeykur við Colins því hann var alvarlegur, strangur en samt rólegur í framkomu. Colins og fjölskylda hans átti eftir að reynast honum ákaflega vel.

Colins fór á fund danska kóngsins Friðriks sjötta, og bað hann um að styrkja H.C. Andersen til náms. Það gekk eftir og H.C. Andersen var sendur í menntaskóla til Slagelse. Þetta var árið 1822. Hann bjó þar hjá góðri ekkju. Colins fylgdist vel með H.C. Andersen. Þeir skrifuðust á og átti H.C. Andersen að láta

Colins vita hvernig sér liði í
skólanum og hvernig allt gengi.



Álfadísinn fylgdist líka
vel með H.C. Andersen í
menntaskólanum. Hún sá
hvað hann lagði mikið á sig,
var duglegur að læra og fylgdist
vel með í tímum.

Hún sá líka hvernig
skólastjórinn gerði grín að
nemendum ef þeir gátu ekki
svarað spurningum hans. Þetta
poldi H.C. Andersen afar illa.
Hann varð stressaður og
óöruggur. Eins og oft áður var
hann hræddur um að það yrði
gert lítið úr honum. Honum
fannst hann vera að drukkna af
vinnu og vanlíðan. Skólastjórinn

bannaði honum líka að skrifa sögur eða ljóð sagði við hann að hann kynni það ekki.

Þessu sagði H.C. Anderse Colins frá í bréfum sínum. Colins reyndi að styrkja hann og herða en H.C. Andersen leið enn verr. Sjálfsálit hans var orðið mjög lítið.

H.C. Andersen ræddi vanlíðan sína við yfirkennarann sem sagði honum að missa ekki móðinn, að hann væri ekki eins og allir aðrir, hann væri tilfinningasamari og því þyrfti að koma öðruvísi fram við hann en aðra í skólanum.

Álfadísinn varð undrandi þegar skólastjórinn sagði H.C.

Andersen að hann væri að flytja til annarrar borgar til að verða skólastjóri þar og spurði hann jafnframt hvort hann vildi ekki koma með sér og búa hjá sér en borga það sama og hann gerði í þessum skóla.

H.C. Andersen sendi Colins bréf sem samþykkti að hann flytti með honum.



En honum leið ekki vel í skólanum. Colins skrifaði þá bréf til skólastjórans og spurði hvernig H.C. Andersen gegni. Skólastjórinn sagði að hann hefði þrjá sjaldgæfa eiginleika sem fyndust sjaldan hjá

nemendum. Hann taldi hann hæfileikaríkan, iðinn og hafa góða framkomu.

En skólastjórinn hélt áfram að gera grín að honum og hinum nemendum. Colins ákvað því að H.C. Andersen flytti aftur til Kaupmannahafnar og lærði þar utanskóla.



Álfadísinn var fegin að hann fluttist aftur til borgarinnar. Hann bjó í kvistherbergi og borðaði hjá nokkrum fjölskyldum. Álfadísinn sá að honum leið mun betur. Smám sama fór hann að blómstra. Það gladdi hana að sjá hvað honum leið vel.

H.C. Andersen fór að semja
ljóð, sum þeirra voru birt í blaði
sem hét Flugpósturinn.

Loksins varð draumur hans að
veruleika í september 1828
þegar hann útskrifaðist
sem stúdent. Þá var hann
orðinn 23 ára. Um svipað leyti
skrifaði hann sögu sem hann
reyndi að fá bókaútfendur til
að gefa út en það gekk ekki.
Hann gaf söguna þá út sjálfur.
Sagan fjallaði um hann og
skoðanir hans. Hún fékk góðar
viðtökur. Þegar átti að prenta
söguna aftur út fékk hann
bókaútfenda til þess.



Síðar samdi hann leikrit sem var sett á svið í leikhúsinu og fékk það góðar undirtektir. Hann varð svo glaður yfir móttökum fólksins á leikritinu hans að hann grét.

Álfadísinn gat ekki annað en samglaðst honum. Hann hélt áfram að læra og tók heimspekipróf, gaf út ljóðabók og lífið lék við hann.



Síðar skrifaði H.C. Andersen mörg ævintýri sem eru vinsæl um allan heim enn þann dag í dag.



Pegar H.C. Andersen var orðinn fullorðinn naut hann þess að ferðast um heiminn. Honum var boði að koma víða.

Hann varð gamall maður, giftist aldrei né eignaðist börn.

Hann lést 4. ágúst 1875 í Kaupmannahöfn.

Þessi saga er samantekt úr
bókinni Ævintýri æsku minnar
eftir H.C. Andersen.

